

2. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Annar fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 21. mars 2024 kl. 9:00 að Suðurlandsbraut 32. Mætt eru Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason varaformaður, Einar Már Sigurðarson, Arna Grétarsdóttir og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá eru mætt Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjupings.

Hófst fundurinn á ritningarlestri og bæn.

1. Mál frá kirkjupingi

- DH gerði grein fyrir þeim málum sem afgreidd voru á kirkjupingi.

2. Rekstrarupplýsingar

- BG gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðum fyrstu tveggja mánaða ársins 2024.

3. Uppfærsla viðskiptakerfis og sérkerfa

- BG gerði grein fyrir að til stæði að uppfæra fjárhagsbókhaldskerfið og var það samþykkt samhljóða.

4. Fasteignatengd mál

- BG gerði grein fyrir framkvæmdum sem þarf að fara í að Breiðabólstað, Þórshöfn og Reykholti.
- Gengið var frá umboði stjórnar til framkvæmdastjóra til sölu á eftirfarandi eignum sem samþykkt hafði verið að selja af kirkjupingi og framkvæmdanefnd:
 - Syðra-Laugaland 2, Eyjafjarðarsveit.
 - Dalbraut 2, Dalvík.
 - Bergstaðastræti 75, 101 Reykjavík.

5. Hlutverk stjórnar

- Undir liðnum kom Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi, inn á fund nefndarinnar. Kynnti hann drög að starfsreglum um stjórn Þjóðkirkjunnar og gerði grein fyrir hlutverki stjórnar.
- Ákveðið var að stjórnarmenn kynntu sér drögin nánar fyrir næsta fund og málið yrði þá tekið upp aftur.

6. Önnur mál

- Ákveðið var að boða formann kjaranefndar á næsta stjórnarfund.
- ÞBWÁ bar fram fyrirspurn varðandi endurskoðun á fyrirkomulagi svæðisstjóra æskulýðsmála. Ákveðið að ÞBWÁ og RÁ hefji vinnu við málið.
- [Fært í trúnaðarbók]
- BG upplýsti að Þjóðkirkjunni sé stefnt til réttargæslu í máli Landsréttar er varðar landamerki Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar.

- e. Stjórnin hvetur til þess að kynningarfundir biskupskandidata skuli vera auglýstir almenningi og beinir því til prófasta að koma því til leiðar.
- f. Fundargerð 1. stjórnarfundar var lesin upp og samþykkt samhljóða.

Næsti fundur var ákveðinn 30. apríl nk. kl. 9:00 og því næst 21. maí kl. 9:00.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:17.

Fundargerð ritaði Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður.